

**109. Stjórnarfundur Byggðasafns Vestfjarða 2. september, 2020 kl. 12:00 í
Faktorshúsi í Neðstakaupstað.**

Viðstaddir eru: Birgir Gunnarsson, bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar, Jón Páll Hreinsson, bæjarstjóri Bolungarvíkurkaupstaðar, Jóna Símonía Bjarnadóttir forstöðumaður og Finney Rakel Árnadóttir verkefnastjóri sem ritar fundargerð.

Dagskrá:

1. Skúli Gautason menningarfulltrúi

Skúli kynnir fyrirætlanir Mennta- og menningarmálaráðuneytisins um að kortleggja safnalandslagið, hann vinnur að forkönnun. Stjórn Byggðasafns Vestfjarða er opin fyrir samvinnu og hugmyndum þessu tengdu.

2. Málefni Maríu Júlíu

Unnið er að drögum samnings við Lárus H. List á Akureyri sem hefur hefur lýst yfir áhuga sínum á að taka við Maríu Júlíu og verið er að ganga frá lausum endum varðandi mögulegan flutning á Maríu Júlíu til Akureyrar m.a. að uppfylla skilyrði frá Umhverfisstofnun því tengdu. Báturinn hefur verið skoðaður af skipsmönnum af varðskipinu Tý og er báturinn að þeirra mati að verða tilbúin til flutnings. Jón Sigurpálsson og Björn Erlingsson áhugamenn um málefni Maríu Júlíu og tengingu hennar á vestfirskar slóðir munu funda með stjórn Byggðasafnsins fimmtudaginn 10.september n.k. Engin ákvörðun um flutning eða afhendingu verður tekin fyrir en að þeim fundi loknum.